



## Aldrei fleiri flutt til landsins á einum ársfjórðungi

Búferlaflutningar hafa tekið rækilega við sér eftir heimsfaraldurinn. Aldrei hafa fleiri flutt til landsins á einum ársfjórðungi frá því Hagstofa Íslands byrjaði að birta þær tölur. Alls fluttu 3.600 einstaklingar hingað til lands, umfram þá sem fluttust frá landinu, á öðrum ársfjórðungi en af þeim voru 3.510 erlendir ríkisborgarar. Álíka tölur sáust síðast á öðrum ársfjórðungi árið 2017 þegar ferðaþjónustan var upp á sitt allra sterkasta.

### Mikill straumur fólks til landsins


Aðflutningur hingað til lands hefur aukist mikið eftir ferðatakmarkanir síðustu ára. Á öðrum ársfjórðungi 2022 fluttu alls 3.600 einstaklingar til landsins samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands, af þeim voru nánast allir erlendir ríkisborgarar. Ekki hafa fleiri flutt til landsins á stökum ársfjórðungi frá því að Hagstofan tók að birta þessar tölur árið 2009. Til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs fluttust 250 íslenskir ríkisborgarar en 380 manns fluttust aftur á móti frá þeim löndum til Íslands.

Flestir erlendir ríkisborgarar sem fluttu hingað til lands á öðrum fjórðungi komu frá Póllandi en þaðan komu 1.170 af alls 4.520 erlendum ríkisborgurum. Á eftir Póllandi komu næstflestir frá Úkraínu en þaðan komu 980 einstaklingar til landsins. Í lok annars ársfjórðungs voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi tæplega 60.000 talsins, sem er 15,6% af heildarmannfjöldanum.

### Aukið mikilvægi erlends vinnuafis á vinnumarkaðnum


Aftur er kominn upp [skortur á vinnuafli](#) í íslenska hagkerfinu og er ljóst að ekki er hægt að manna öll störf nema með innfluttu vinnuafli. Hagvöxtur og aukin umsvif eru umfram náttúrulega fjölgun innlends vinnuafis, sem hefur í för með sér aukna þörf á innfluttu vinnuafli. Íslendingum fjölga ekki nógu hratt til þess að geta fyllt upp í þörfina sem ný störf skapa og þannig þurfa fleiri erlendir starfsmenn að flytja til landsins til að manna þau nýju störf sem verða til. Erlent vinnuafli verður því sífellt mikilvægara, en undanfarið hefur 80%-90% af

Aðflutt umfram brottflutt



Fjórðungstölur.  
Heimild: Hagstofa Íslands og Hagfræðideild Landsbankans.

Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta




Fjórðungstölur.  
Heimild: Hagstofa Íslands og Hagfræðideild Landsbankans.



Þeim erlendu ríkisborgurum sem flytjast til landsins verið á bilinu 20-59 ára. Frá byrjun árs 2010 hefur íslenskum ríkisborgurum fjölgað um 8,6% á meðan erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað um rúm 175%.

### Íslendingar flytja heim

Ef tímabilið frá öðrum ársfjórðungi árið 2020 til annars ársfjórðungs 2022 er skoðað hafa um þúsund Íslendingar flutt aftur til landsins nettó, eða um 5.500 flutt heim en 4.500 flust á brott. Á fyrsta ársfjórðungi í ár var tala brottfluttra umfram aðfluttra töluvert há en þá fluttust 430 manns frá landinu umfram þá sem fluttu aftur heim. Þrátt fyrir það eru íslenskir ríkisborgarar fyrirferðameiri en fyrir faraldurinn.



Heimild: Hagstofa Íslands og Hagfræðideild Landsbankans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.